

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogsbærar
á tillögum að breyttu deiliskipulagi.**

Nýbýlavegur 10. Reitur 5. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar þann 11. maí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Nýbýlaveg 10. Í breytingunni felst fækken ibúða úr 38 í 36 en auka bess í stað hlut verslunar og þjónustu á reitnum. Ibúðir verða meðfram Nýbýlavegi en atvinnuhúsnæði á neðri hæð byggingarreitsins við Nýbýlaveg og við Dalbrekku. Leiðbeinandi staðsetning svala breytist og verður einnig meðfram Nýbýlavegi. Heildarbyggingarmagn verslunar og þjónustu verður eftir breytingu 13.000 m².

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Austurkór 66 og 68. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbærar 10. ágúst 2017 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 66 og 68. Í breytingunni felst að hækka hluta hússins þannig að hámarkshæð fari upp í 6,9 m. Leyfileg hámarkshæð er 7,5 m en hún er breytileg eftir staðsetningu á byggingarreit. Við breytinguna nær tæplega 6 m² hluti af þaki hússins upp fyrir ytri byggingarreit, frá 0-51 sm.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hlíðarsmári 12. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar 24. október 2017 breytt deiliskipulag fyrir Hlíðarsmári 12. Í breytingunni felst heimild til að reisa hjólageymslu 28 m² að flatarmáli við austurhlíð hússins.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Lækjasmári 11, 13, 15 og 17. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar 26. september 2017 breytt deiliskipulag fyrir Lækjasmára 11, 13, 15 og 17. Í breytingunni felst að ofangreindar lóðir eru sameinaðar í eina lóð í stað fjögurra. Heildarstærð sameiginlegrar lóðar verður 1.708 m².

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skjólbraut 11. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbærar 10. október 2017 breytt deiliskipulag fyrir Skjólbraut 11. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á einni hæð ásamt risi, bílgeymslu og þremur bílastæðum verði á lóðinni heimilt að reisa fjörbýlishús á tveimur hæðum alls 570 m² að flatarmáli og koma fyrir átta bílastæðum. Nýtingarhlutfall lóðar verður eftir breytingu 0,58.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 7. desember 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.